

**Ed.**

**439. Frumvarp til laga**

**[251. mál]**

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

**1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fjögurra manna skólanefnd. Skulu þrír nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Einn tilnefndur af fiskimálaráði og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins.

Þeir skulu báðir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn eftir tilnefningu reglulegra nemenda Fiskvinnsluskólans og skal hann vera úr þeirra hópi.

Hinn fjórða skipar ráðherra til fjögurra ára án tilnefningar, og skal hann vera formaður skólanefndar.

Fjórir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Fiskvinnsluskólans og er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á undanförunum árum, að nemendur eigi fulltrúa í skólanefndum eða skólaráðum. Menntamálaráðuneytið álitur þessa stefnu eðlilega, og með það sjónarmið í huga er þetta lagafrumvarp flutt.